

## Eitruð karlmennska

Karlar hafa löngum þótt eittraðir, óduglegir og jafnvel réttdræpir, sökum ofbeldis og kúgunar gagnvart konum sínum. Þær voru greinilega haldnir eittraðri karlmennsku eins og ég og kynbræður mínir í dag, því þessi bölvaldur er okkur í blóð borinn, hefur síast inn í merg og bein.

Eitruð karlmennska er einnig kölluð sjúkleg karlmennska (uppáhaldshugtak Stígmóta) eða skaðleg karlmennska eða skerðingarsjúkdómur eða barasta karlsýki. Sannast sem oft áður, að kært barn hefur mörg nöfn (e. toxic masculinity, masculopathy). Höfundar einnar þeirra mýmörgu skýrslna stjórnvalda um þann vanda, sem hlýst af meinsemdinni í sálu karla, segja greiningu „sérlega mikilvæg[a] í umræðu um það sem kallað er „skaðleg karlmennska“, tegundir karlmennsku sem hindra jafnrétti og félagslegt réttlæti.“

Fyrirnefnd Alexe var hrifin af fyrstu bylgju kvenfrelsunar eins og ofbeldisseggir meðal kvenfrelsunarsystranna í Norður-Ameríku og Englandi. Ofbeldisarfur þeirra lifir enn góðu lífi meðal kvenfrelsara, m.a. í hugtakinu, eittraðri karlmennsku. Sjúklinga, höldnum jafn ógnvænlegum sjúkdómi, ber að lækna, kvengera og/eða fækka verulega, segja þeir. Norður-ameríski kennarinn og rithöfundurinn, Sally Miller Gearhart (f. 1931) hefur mælt út hæfilegan fjölda karla. „Hlutfall karla verður að skera niður í og viðhalda í u.þ.b. tíunda hluta mannkyns.“

Norður-ameríska kvenfrelsaranum, Valerie Jean Solanas (1936-1988), þótti það greinilega ofrausn að láta tíunda hluta karla lifa. „Konan mun, hvort sem henni líkar betur eða verr, taka öll völd í fyllingu tímas, jafnvel þótt væri bara af þeirri einu ástæðu, að hún neyðist til þess – þegar öllu er á botninn hvolft hverfur karlinn af sjónarsviðinu.“

En skylda konunnar til að eyða körlum gersamlega er ef til vill skiljanlegri í ljósi þess, að karlinn er bágstödd vera, ef veru skyldi kalla, því „[k]arlinn er þróunarslys ... ófullkomin kona, fóstureyðing í lifanda lífi, ónýtur á erfðavísisstigi.“ ... „Karlinn er skertur, býr við tilfinningalega takmörkun. Karlmennska er skerðingarsjúkdómur og karlar eru tilfinningalegir kryppingar. Karlinn er að öllu leyti sjálfhverfur, gildra sjálfum sér, ófær um samúð og samkennd, ást, vináttu og blíðu. Hann er utangarðseining, ófær um að stofna til sambands við annað fólk. Viðbrögð hans eru einvörðungu eðlislæg, firrt vitundarstjórn; greindin er tæki, sem stjórnað er af hvötum og þörfum hans; ástríða er honum fjarri sem og andleg samskipti; hann skynjar ekkert annað, heldur en innri hræringar. Hann er hálfdaudur, fáskiptið dauðyfli, ófær um að veita og þiggja unað eða hamingju; ...“ Karlinn er „... uppnagaður af sektarkennd, ótta og óöryggi; tilfinningum, sem eiga rætur í karleðlinu...“

Hugmyndafræðisystur Valerie taka undir. Andrea Dworkin (1946-2005) leggur að konum að ryðja óheppilegum körlum úr vegi. Það drýpur blóð úr draumum hennar: „Mig dreymir um að sjá karl svo lúbarinn, að hann liggi í blóðbaði með skóhæl á kafi í munnnum sér sem væri epli í gini svíns.“ Mary Daly (1928-2010) leggur eittraða karlmennsku nokkurn veginn að jöfnu eittraðri jörð: „Afeitrun jarðarinnar verður að eiga sér stað, eigi líf að þrífast til framtíðar. Ég hygg, að hún verði samhlíða þróun, sem hafi í för með sér verulega fækkun karlanna.“

Aurelia Vera er kennari á Kanaríeyjum. Hún kom auga á gagnlegan mótaleik við áhrifum sjúkrar karlmennsku. Boðskapur hennar í kynfræðitíma með unglingsnemendum var á þessa leið: (Hún beindi orðum sínum til karlkynsnemenda.) Væri þú tilkippilegur til geldingar í því skyni að tryggja konum völd? Hún svarar neitandi fyrir viðmælanda sinn og segir því næst:

„Við þurfum að láta okkur lynda (dabble) úrval [dregja] til geldingar. Ef þú vanaðir son þinn, væri hann ekki fær um að eignast börn. [Aukin heldur] væri honum hlíft við fjölda kynvakastýrðra breytinga, sem hafa í för með sér [aukna] líkamsburði. Þrótturinn kemur úr kynkirtlunum. Svo verða raddir þeirra áfram barnslegar.“

Egyptsk/norður-ameríski rithöfundurinn, Mona Eltahawy fær orðið: „Ég bið fólk að hugleiða ... sviðsmynd, þar sem við [konur] myrðum ákveðinn fjölda karlmannna í viku hverri. Hversu mörgum þyrftum við að farga, þar til feðraveldið sest niður handan borðsins og segir: „Gott og vel, látum gott heita. Hvað er í okkar valdi til að stansa aflífunina?““

En það eru miskunnsamari kvenfrelsarar á kreiki einnig. Þeir vilja lækna oss. T.d. Heilsuverndar- og meðferðarstofnun karlsýkinnar í Bandaríkjum Norður-Ameríku, sem helgar sig afhjúpun og lækningu sjúkrar (norður-) amerískrar karlmennsku. Þar fræðumst við um, að plágu þessa sé að finna í öllum húsakynnum, að það festi meira að segja ekki auga á henni, því hún sé svo algeng. Karlsýkin er talin sú skeinuhættasta af sínu tagi fyrir velgengni í samböndum og samfélagi, gjöreyði jafnaðarlegu og heilbrigðu mannlífi.

Í gögnum kvenfrelsunarlækningastofnunarinnar í San Francisco má lesa: „[K]venfrelsunarsállæknirinn leitar margvíslegra leiða til að knýja fram breytingar, þ.á.m. baráttu í samtökum atvinnumanna, málafylgju með tilliti til lagabreytinga og viðeigandi aðgerðir af öðrum toga.“ (Sally Satel)

Ofangreindar stofnanir eiga sér systurstofnun á Íslandi, Stígamót. En þó kynni víðar að vera veiðivon í þessu tilliti, hafi hvatning og spádómur móður kvenfrelsunarsállækninga, Phyllis Chesler (f. 1940), gengið nægjanlega eftir. „Það er ljóst, að kvenkyns kvenfrelsarar verða hægt og bítandi að ná undirtökunum í opinberum stofnunum og félögum (social institutions) og drottna yfir þeim - .... [P]að vinnur einfaldlega gegn hagsmunum kvenna að styðja feðraveldið eða jafnvel hið upplogna „jafnrétti“ við karla.“ Hún ítrekar: „[Í] mínum huga er enginn leið önnur fær til að sigrast á feðraveldinu eða velta því úr sessi, en að hrifsa völdin.“ Í draumi Phyllis verður hið goðsagnakennda kvennasamfélag (Amasónurnar) endurreist, þar sem „... allar konur virtust geta stefnt að og öðlast fullkominn mannleika.“ Öðru máli gegnir um karla: „[E]invörðungu karlar, væri þeim á annað borð leyft að tóra, voru valdalausir og kúgaðir á fjölmörgum sviðum.“ (Phyllis Chester)

Boðskapur Phyllis verður skiljanlegri, þegar grundvallarkennisetning hennar um tilurð fjölskyldunnar er skoðuð: „Það er trúá mín, að frumorsök að stofnun feðraveldisfjölskyldunnar hafi verið þungun í kjölfar nauðgunar. Það er mikilvæg staðreynd þróunarinnar (biological fact). Sömuleiðis var þörf karlsins fyrir að sanna erfðalegan ódauðleika sinn svo sterk, að hann taldi sig eiga rétt á að leggja undir sig konukroppinn til að tryggja það, að afkvæmi hans kviknuðu af eigin sæði.“ (Phyllis Chester)

Kvensálfræðingar hafa svarað kalli fræðamóður sinnar og vilja líka leggja hönd á plóg, enda líf kvenkynsins að veði. Norður-ameríski sálfræðingurinn, Ellen Hendriksen, lýsir sjúkri karlmennsku: „Lögmál hinnar sjúku karlmennsku býður, að karlar ríki yfir hverjum og einum, gangist ekki við þörfum [sínunum], sýni ekki tilfinningar og beri stöðugt sigur af hólmi. Þetta er óheillavænlegt (impossible) fyrirkomulag, sem kæfir og meiðir alla [sem það snertir]. Sjúkri karlmennsku má vel líkja við bauk. Hann býður upp á ósveigjanleg þrengsli, sem afskræmir karla. Þeim er nauðugur einn kostur að troða sér í hann. [Þar] lifa þeir í þjáningarþögn, gangast ekki við þörfum sínum, sýna ýgi eða mannalæti, reiða sig ekki á nokkurn mann, sýna engin veikleikamerki og láta ekkert í ljósi (snitch). ... Jafnvel ánægju í smáum sniðum truflar

hin sjúka karlmennska. ... [Hinn sjúki baukmaður] “getur engan veginn gengist við því, að hvítvoðungur sé krúttlegur, ekki fær hann sig til að faðma hvolp, biðja um smáköku, panta bjúgaldinþönnuköku eða nota regnhlíf, þegar rignir. ... [P]að er bein afleiðing sjúkrar karlmennsku, þegar [karlar] beita valdi til að skapa virðingu .. (sem í raun er ótti). Karlar bæta sér upp virðingarleysi með drottun. En í daglegu lífi eru margir, einstakir karlmenn, sem ekki gangast við völdum sínum og forréttindum.“

Starfssystir og landi Ellenar er hinn kunní sálfræðingur, Laura Brown. Hún hefur m.a. skrifað bókina, „Kvenfrelsunarlækning.“ Hún segir um lækninguna: „Samkvæmt minni skilgreiningu er kvenfrelsunarlækning framin með tilliti til stjórnáspæki kvenfrelsunar, ásamt greiningum, sem grundvallaðar eru á fjölmenningslegri kvenfrelsunarfræðimennsku, er lýtur að konum, körlum og kynferði. [Hvort tveggja] bendir sálækni og skjólstaðingi á leið til lausna og aðferða til að efla kvenfrelsunarandspyrnu, umsköpun og breytingar í daglegu einkalífi, tilfinningalífi, samböndum og stjórnáspæki.“

Hún skrifar enn fremur: Kvenfrelsunarlækning „veitir veitir sjúklingum innsæi í tengsl eigin háttarnis og feðraveldisins, sem setur mark sitt á okkur öll.“ ... „Róttæk, félagsleg breyting skal vera ásetningur kvenfrelsunarlækningar til að uppræta félagslegt fyrirkomulag, þar sem kúgandi valdaójafnvægi þrífst.“ Hún ítrekar: Kvenfrelsunarlækning „veitir veitir sjúklingum innsæi í tengsl eigin háttarnis og feðraveldisins, sem setur mark sitt á okkur öll.“ ... „Róttæk, félagsleg breyting skal vera ásetningur kvenfrelsunarlækningar til að uppræta félagslegt fyrirkomulag, þar sem kúgandi valdaójafnvægi þrífst.“

Laura endurómar einnig skilning ofangreindrar fræðamóður á nauðsyn kvenfrelsunarlækningar. Hún „endurspeglar málflutning hreyfingarinnar. Sálækna, fyrst og fremst konur, voru hvatamenn hennar. Þær umbreyttu andófi sínu gegn kynfólum í heilbrigðisstéttum í mótun tækilegs (viable) valkosts fyrir konur í þörf fyrir sálækningu. [Þannig var] skjólstaðingum hlíft við kynfólsku, kvenfæð og staðalímyndum, sem fram að því höfðu verið allsráðandi. ... [Lækningin] er öndverð við hinn ríkjandi skilning í drottandi feðraveldi.“

Það verður seint ofsögum sagt af því, hvernig eitruð karlmennska leikur konur. Hér segir menntuð, ensk móðir frá raunum sínum í enska dagblaðinu, Dagspóstinum (Daily Mail): „Eiginkarlíni yfirgef mig fyrir nokkrum árum síðan. Ég tætti bækur hans í sundur, rispaði bílinn, skar sundur fötin og eyðilagði geislaþlötturnar. Og ég sé ekkert athugavert við það. Enn er eitt og annað, sem gerir mig ólma. Hin ýmsu hlutverk eins og móðir (ég gifti mig aftur), ástkona, vinur og starfsmaður, vaxa mér yfir höfuð – og mér finnst ég ekki ráða við neitt þeirra. Um daginn beið ég í röð við hraðbanka. Konan í röðinni fyrir framan mig kannaði stöðu á þrem greiðslukortum. Og tók í engu tillit til þeirra, sem biðu. Ég var á hraðferð. Svei mér þá! Mig langaði að kyrkja hana – en auðvitað lét ég hjá líða. Þess í stað fór ég á hnefaleikaæfingu um kvöldið og fékk hamslausa útrás í æfingunum. Það er goðsögn, að konur séu hið blíða kyn. Í raun búum við ekki síður yfir bræði og ýgi, heldur en karlar.“ Það er morgunljóst, að feðraveldið fer illa með konur – sumar hverjar að minnsta kost. (Þessi ætti hugsanlega að leita sér kvenfrelsunarsálækninga.)

En það er svipað farið með konur og karla. Þær eru ekki einsleitir hópur eins og t.d. Kolbrún Bergþórsdóttir, blaðamaður og rithöfundur, hefur bent á. Hugsanlega hefði rithöfundurinn, Penny Vincenzi (1939-2018), snuprað kynsystur sína. Hún segir. „Það var á „brjóstahaldabrennuskeiði“ kvenfrelsunar, að ein þeirra [kvenfrelsaranna] sagði við mig [þriggja barna móðir í fullu fjöri á framabraut]: „Konur eru hræðilegir nöldrarar. Þær stynja

yfir löngun sinni til að giftast; þær kveina vegna þess, að þær langar til að eignast barn; því næst kveina þær, því það sé svo leiðinlegt heima, langar aftur í vinnuna; síðan vola þær yfir því að skilja barnið eftir heima, fá sektarkennd.“ ... „Frelsun frá fjötrunum, sem við hristum af okkur í kvenfrelsunarbyltingunni, hefur einungis fært okkur vanlíðan í öllu því, sem við tökum okkur fyrir hendur.“ Því mætti við bæta, að mæður og ömmur virðast láta undir höfuð leggjast að fræða dætur og ömmustelpur um kvenfrelsunarávinningana. Það er raunalegt að verða vitni að endurtekinni geirvörtu- og „druslufrelsun.“ Sú frelsun átti sér stað á Vesturlöndum fyrir rúmri hálfri öld síðan.

Góðu kynbræður! Það er bággt að lifa í bauki, eitraður að auki. Ég hvet ykkur til að fylgja fordæmi mínu og Samfylkingarmannsins, Ágústs Ólafs Ágústssonar, kyndjarfs kvenkúgara (þótt hvítur riddari sé) samkvæmt flokksdómi, og leita aðhlyningar hjá Stígamótum, sem Góði hirðirinn skilgreinir sem velgjörðasamtök. Og enn gæti bætt úr skák, að gerast félagar í Vinstri-grænum. Þar eru í boði hugvekjur um eitraða karlmennsku. T.d. flutti einn hugmyndafræðinga þeirra, Þorsteinn V. Einarsson, sem er „femínisti með brennandi réttlætiskennd,“ vitundarvakningu í boði jafnréttisnefndar Rangárþings eystra nýverið. Í tilkynningu hennar stendur:

„Afleiðingar [karlmenskunnar] eru vanlíðan, óhamingja, kynbundið námsval, starfsval, launamunur, ofbeldi og ójafnrétti sem bitnar á samfélaginu öllu, körlum og konum. Lausnin er meðal annars að hrista upp í og víkka út viðteknar karlmennskuhugmyndir. Þannig losna karlmenn, konur og samfélagið allt úr álögum karlmenskunnar.“

Að síðustu óska ég lesendum ástar, sáttar og samlyndis á nýju ári.

Höfundur er ellilífeyrispegi. Þýðingar eru hans.